

muni nú niður fallinn, síðan löginn 15. apríl 1854 um siglíngrar 1858.  
og verzlun á Íslandi voru sett, og felur oss að lyktum á vald, 20. desbr.

Vér mælumst því til, að hið konúgl. ráðuneyti skýri bæjar-  
ráðinu í Altóna frá, að fyrirmæli 7. greinar í opnu bréfi 28.  
marz 1787 um skipstjóraeðinn sé nú úr lögum teknar, með  
því að 4. gr. í verzlunarlögunum 15. apríl 1854 (samanborin  
við lög 16. febr. 1856) og 5. grein mæli fyrir, hvernig nú  
skuli útvega sér og skila aptur íslenskum leiðarbréfum.

### 33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á 24. desbr. Íslandi, um vogrek.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í bréfi yðru 8. september  
í haust skýrt oss frá, að á Skúmstaða fjöru hafi rekíð búi af  
siglutré eður brandi, 20 álna lángr, er virtur hafi verið á  
18 rd. 24 sk., og berið síðan undir oss, hvort eigandi rekans  
skyldi eigi mega eignast vogrek þetta, þá er farið hefir verið  
með það sem lög mæla fyrir, sjá opið bréf 2. apríl 1853, sbr.  
opið bréf 4. maí 1778 2. gr., eður hvort hann þá mætti eigi  
eignast það með þeim skildaga, að hann greiði í jarðabókar-  
sjóðinn svo mikið fé, sem virðingar verð trésins var meira en  
bjarglaun þess, þá er lögtími er liðinn frá lýsing vogreksins í  
yffirdóminum.

Þessu máli skulum vér svo svara, sjálfum yður til eptir-  
sjónar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin getur eigi álitíð  
eiganda rekans eiga tilkall að lögum til siglutrés þessa, með  
því að sjálfsagt sé, að þá er vogrek er virt, skuli meta verð  
þess allt; en því er hún eigi mótfallin, að maðurinn fái trèð  
keypt því verði, er það var virt, og hafi hann bjargað trènu  
undan sjó, er eigi verður þó á málinu séð, þá skal hann taka  
einn þriðjung virðingarverðs að bjarglaunum, en lúka hina tvo  
í jarðabókarsjóðinn.